

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Skógarnes í landi Austureyjar.*
Í breytingunni felst að Austurey 2, sem er 11.897 m² að stærð, verður sameinuð Skógarnesi. Gert er ráð fyrir fimm nýjum húsum á svæðinu sem bætist við Skógarnes. Hámarksstærð húsa er 110 m². Byggingarreitir fyrir snyrtingar á tjaldsvæðum 1 og 2 eru stækkaðir. Samþykkt í sveitarstjórn 8. desember 2009.
2. *Breyting á deiliskipulagi Austureyjar I og III, Austurvegur 1 og Illósvegur 2.*
Í breytingunni felst að mörkum milli lóðanna nr. 1 við Austurveg og nr. 2 við Illósveg er breytt. Illósvegur 2 stækkar um 5.917 m² og verður 19.820 m² en Austurvegur 1 minnkar um 5.917 m² og verður 29.958 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 15. apríl 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. maí 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. júní 2010